

Ferlisritun: **UNDIRBÚNINGUR**

(prewriting)

Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

Um undirbúning ritsmíðar

Fyrsti hluti ferlisritunar er undirbúningurinn, eða það sem er gert áður en eiginleg ritun á sér stað. Undirbúningurinn er mikilvægur hluti af ritunarferlinu vegna þess að þar er lagður grunnurinn að ritsmíðinni og það þurfa nemendur okkar að læra.

Nemendur verða að hafa tilgang með skrifum sínum og vita hverjir væntanlegir lesendur eru. Þegar kennari ákveður viðfangsefni ritunar er það einungis í þeim tilgangi að kenna ákveðna textategund (sjá yfirlit yfir textategundir) en best er ef nemendur fá sjálfir val um hvað þeir vilja skrifa og hvernig þeir ætla að birta afurðina. Nemendur ættu alltaf að skrifa texta sem ætlaður er til birtingar á einhverjum tímapunkti því þannig finna þeir tilgang með skrifunum og það eitt og sér eflir áhuga þeirra á ritun.

Undirbúningur ritsmíðar snýr að hugmyndavinnunni, þ.e.a.s. því sem ætlunin er að skrifa um, hvernig texta og fyrir hvern. Þótt einhverjar hugmyndir kunni að skjóta upp kollinum þegar byrjað er að skrifa þá er mikilvægt að vera búinn að ákveða í grófum dráttum hvað eigi að koma fram og setja hugmyndirnar niður á blað.

Undirbúningurinn ætti jafnframt að fela í sér samtál á milli nemenda þar sem þeir geta rætt um hugmyndir sínar og fengið endurgjöf. Þessum hluta hefur oft verið ábótavant og lítill skilningur á mikilvægi samtals um ritunina. Rannsóknir sýna hins vegar að slíkt samtál skilar sér í bættum texta.

Markmið

- Að efla nemendur í að finna og velja hugmynd/hugmyndir til að skrifa um.
- Að hjálpa nemendum að ákveða fyrir hvern þeir skrifa og hvar ritunin verður birt.
- Að hjálpa nemendum að skipuleggja ritunina.

Framkvæmd

Það eru margar leiðir færar varðandi undirbúning ritsmíðar enda felur undirbúningurinn í sér bæði hugmyndavinnu og skipulag. Einnig hefur aldur nemendahópsins áhrif og hversu margar og ólíkar textategundirnar eru sem vinna á með. Hér að neðan eru hugmyndir að tvenns lags kennslufyrirkomulagi fyrir hvorn hluta, þ.e.a.s. hugmyndavinnuna og skipulagið.

Hugarflug

Hugarflug er framkvæmt með hópi nemenda, gjarnan öllum bekknum. Nemendur sitja í hring eða

þar sem allir heyra vel hver í öðrum og kasta á milli sín hugmyndum. Í upphafi er farið yfir hvert umræðuefnið er sem getur verið mjög opið eins og „Hvað ætlar þú að skrifa um?“ eða fyrir fram ákveðið viðfangsefni eins og „Hvað vitum við um ævintýri?“ (Ef kennari ætlar t.d. að þjálfar nemendur í að skrifa ævintýri). Kennari stýrir umræðum ef þurfa þykir og skráir á töflu hugmyndir sem koma fram.

Minnisbók

Minnisbækur er hægt að nota á margvíslegan hátt en tilvalið er að gefa nemendum slíka í upphafi skólaárs og hvetja þá reglulega til að nota hana yfir skólaárið. Hugmyndin með minnisbók í ritun er sú að safna í hana hugmyndum um leið og þær fæðast. Kennarar geta hvatt nemendur til að ganga með minnisbókina í vasanum, geyma hana í skúffunni sinni í skólastofunni eða fara með hana heim yfir helgi ... sama hvaða leið er farin þá kennið þið nemendum að hún sé gullkistan þeirra fyrir ritunarhugmyndir! Kennið nemendum ykkar að skrifa í hana allt mögulegt og ómögulegt sem þeim finnst áhugavert og gefið þeim dæmi, eins og t.d. skemmtileg orð, lista, teikningar eða hvað sem ykkur dettur í hug. Minnið nemendur ykkar síðan á að ná í minnisbókina þegar kemur að því að ákveða hvað eigi að skrifa um.

Að spyrja spurninga

Nemendur geta gjarnan útvíkkað efnistösk og fengið nýjar hugmyndir með því að spyrja sjálfa sig spurninga varðandi efnið sem þeir ætla að skrifa um. Sum svörin hafa þeir e.t.v. á reiðum höndum en í öðrum tilvikum þurfa þeir að afla sér upplýsinga, t.d. með samtali við aðra. Spurningar og svör skal skrifa niður svo upplýsingarnar/hugmyndirnar séu tiltækar þegar nemandi byrjar á uppkasti. Kennari getur t.d. gripið til þessarar aðferðar ef hann finnur að nemandi hefur ekki mikla þekkingu eða margar hugmyndir varðandi það sem hann hefur ákveðið að skrifa um.

Ritunarráttar

Ritunarráttar eru nokkurs konar beinagrind eða form til að halda utan um upplýsingar og/eða skipulag texta. Margar gerðir ritunarráttar eru til, hugsaðir út frá mismunandi textategundum og því heppilegir t.d. þegar lögð er inn ný textategund. Hugarkort eru e.t.v. eitt þekktasta form ritunarráttar og eru ýmist notuð sem eyðufylling í fyrir fram ákveðið form eða sem frjáls teikning þar sem orð eru tengd saman með línum eftir því hvernig þau tengjast. Hugmyndafræðin er sú að safna saman hugmyndum tengdum ákveðnu viðfangsefni þannig að auðveldara sé að skrifa samfelldan texta um það í framhaldi. Efnisyfirlit fyrir ritgerð er dæmi um ritunarráttar og enn fleiri dæmi fylgja þessari umfjöllun.

SÖGUGERÐ

Titill



Persónur

Umhverfi

Upphaf

Miðja

Endir

Nafn:

STÆKKAÐU AUGNABLIKIÐ

Góðir rithöfundar stækka frásagnir sínar með því að lýsa atburðum þannig að lesandanum finnst hann hreinlega á staðnum!

ATBURÐUR:

Segðu frá!

Útvíkkaðu

Hver var þarna?

Hvað gerðist?

Hvar gerðist þetta?

Hvað hugsaðir þú?


Hvernig leið þér?

Skynfærin 5!



UPPLÝSINGATEXTI

Viðfangsefni:



Titill:

Staðreynd 1:

Staðreynd 2:

Staðreynd 3:

Lokasetning: